



Erindisbréf

Fjölmenningarráð Hafnarfjarðar

1. gr. Skipan ráðsins

Fjölmenningarráð er skipað fimm fulltrúum búsettum í Hafnarfirði og jafnmörgum til vara. Í upphafi kjörtímabils kys bæjarstjórn tvo fulltrúa og tvo til vara og samhliða formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Tveir fulltrúar og tveir til vara eru kjörnir af bæjarstjórn að fenginni tilnefningu félagasamtaka sem starfa að málefnum innflytjenda. Einn fulltrúi af erlendum uppruna er kjörinn af bæjarstjórn að fenginni tilnefningu úr hópi starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar frá sviðsstjórafundi. Gæta skal þess við meðferð einstakra mála að starfsmaðurinn víki sæti ef umfjöllunarefni lýtur beint að starfssviði hans eða vinnustað innan sveitarfélagsins sbr. hæfisreglur IV. kafla sveitarstjórnarlaga.

Ráðið getur ákveðið að skipa áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt og, eftir atvikum, vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð verkefni. Tilkynna skal bæjarráði um skipun vinnuhópa. Fjölmenningarráð starfar í umboði bæjarráðs samkvæmt erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarbæjar, fundarsköpum bæjarstjórnar og gildandi lögum.

2. gr. Starfsmenn

Verkefnastjóri fjölmenningar starfar með ráðinu og gegnir jafnframt hlutverki ritara þess. Starfið heyrir undir þjónustu- og þróunarsvið. Verkefnastjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og annarri stjórnsýslu og rekstri sem því tengist. Verkefnastjóri fjölmenningar situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr. Fundir

Ráðið fundar að jafnaði mánaðarlega á föstum tíma. Boða skal til aukafunda óski bæjarstjóri, formaður eða a.m.k. tveir ráðsmenn þess. Heimilt er að fella niður fundi yfir sumartímann. Fundir eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kallað til fundar starfsmenn bæjarins eða utanaðkomandi aðila til umræðu um tiltekin mál. Ráðsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni sem leynt skulu fara samkvæmt lögum vegna einka- eða almannahagsmuna. Þagnarskyldan gildir einnig eftir að störfum lýkur. Greitt er fyrir setu í ráðinu samkvæmt reglum bæjarráðs. Fulltrúar eiga rétt á fræðslu og stuðningi, þar á meðal tálkaþjónustu eftir þörfum og leiðsögn um fundarsköp.

4. gr. Undirbúningur funda og framkvæmd

Verkefnastjóri fjölmenningar boðar til funda og undirbýr fundi í samráði við formann. Fundarboð og dagskrá skulu send út eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund. Við undirbúning og afgreiðslu mála skal fylgja stjórnsýslulögum og verklagsreglum stjórnsýslunnar. Ef mál krefst skjótrar afgreiðslu má stytta boðunarfrest, enda sé það sérstaklega rökstutt í fundarboði.

Ráðsmönnum ber að sækja fundi. Heimilt er að taka þátt með rafrænum hætti samkvæmt 3. og 4. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga. Forfallist ráðsmaður skal hann boða varamann. Langvarandi forföll skal tilkynna formanni. Um hæfi ráðsmanna fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Ráðsmaður skal víkja sæti við meðferð máls sem varðar hann sjálfan eða nána venslamenn. Fundur telst lögmætur ef löglega hefur verið til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna sækir fundinn.



Hafnarfjörður

5. gr. Fundarsköp

Formaður stjórnar fundum ráðsins og gætir þess að þeir fari löglega og skipulega fram. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda eftir því sem við á. Formaður sker úr ágreiningi um fundarsköp, en heimilt er að skjóta úrskurði hans til ráðsins. Heimilt er að taka mál til umræðu þótt það sé ekki á dagskrá. Óski einhver ráðsmanna þess skal þó afgreiðslu slíks máls frestað.

6. gr. Verkefni fjölmeningarráðs

Fjölmeningarráð er bæjarráði, sem og öðrum ráðum og stofnunum Hafnarfjarðarbæjar, til ráðgjafar í málefnum innflytjenda og fjölmeningar. Ráðið er vettvangur samráðs milli íbúa af erlendum uppruna, félagasamtaka, atvinnulífs og bæjaryfirvalda. Það tekur þátt í stefnumótun á verkswiði sínu, gerir tillögur til bæjarráðs og stuðlar að miðlun upplýsinga um þjónustu og verkefni sveitarfélagsins.

Ráðið skal vinna að auknum samskiptum og samstarfi milli ólíkra menningarhópa, efla þátttöku innflytjenda í samfélaginu og stuðla að samfélagi sem einkennist af jafnrétti, þátttöku og gagnkvæmri virðingu. Ráðið aðstoðar við undirbúning viðburða á sviði fjölmeningar og fylgist með framkvæmd stefnu bæjarins í málaflokknum. Ráðið stuðlar að framkvæmd Heildarstefnu Hafnarfjarðar á sínu verkswiði með áherslu á þátttöku, inngildingu, jafnrétti og samfélagslega samheldni.

7. gr. Afgreiðsla mála

Málum í fjölmeningarráði er lokið með umsögn, ályktun eða tillögu, eða með því að vísa þeim til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar, viðkomandi sviðs, starfsmanna, ráða, nefnda eða annarra stjórnsýslueininga. Ráðsmaður á rétt á að bóka stutta athugasemd um afstöðu sína til máls. Við umfjöllun um fjárhagsáætlun og ársreikninga mega bókanir vera ítarlegri. Heimilt er að fresta afgreiðslu máls nema lög kveði á um afgreiðslu innan ákveðins frests.

8. gr. Fundargerðir

Í fundargerð skulu koma fram fundarnúmer, dagskrármál og afgreiðsla þeirra, auk upplýsinga um fundarstað, fundartíma og fundarsókn. Ef ekki er samstaða um afgreiðslu skal skrá hvernig atkvæði skiptast. Fundargerðir eru færðar rafrænt í fundarkerfi bæjarins. Að fundi loknum eru þær sendar til rafrænnar undirritunar og birtar á vef bæjarins. Um birtingu gagna með fundargerðum fer samkvæmt samþykkt bæjarráðs frá 9. ágúst 2012 um almennar reglur um birtingu fundargagna á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Fundargerðir fjölmeningarráðs skulu lagðar fyrir bæjarráð eins fljótt og unnt er eftir fund. Ef þær innihalda ekki tillögur eða ályktanir sem þarfnast staðfestingar eru þær lagðar fram til kynningar. Að öðrum kosti skal viðkomandi dagskrárliður tekinn sérstaklega fyrir og vísað til bæjarráðs.



Hafnarfjörður

9. gr. Lagagrunnur og stefnumið

Erindisbréf þetta byggir á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 24/2021, ásamt viðaukum hennar. Við störf sín skal fjölmeningarráð jafnframt hafa hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013, lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, mannréttindastefnu og jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar, sem og heildarstefnu Hafnarfjarðar og öðrum stefnum og áætlunum sveitarfélagsins sem tengjast verksviði ráðsins.

10. gr. Gildistaka

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarráði Hafnarfjarðar **þann xx. september 2026**. Tilfærsla ráðs og verkefnastjóra fjölmeningar á milli sviða, frá fjölskyldu- og barnamálasviði yfir á þjónustu- og þróunarsvið, var samþykkt í fjölskylduráði **þann xx. ágúst 2026**. Samhliða var erindisbréf uppfært.